

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 1282/2007 fyrir Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

9. gr. orðist svo:

Reikningsár Stofnunar Gunnars Gunnarssonar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Ársreikning liðins starfsárs.
3. Fjárhagsáætlun, sbr. 6. gr.

Reikningar Stofnunar Gunnars Gunnarssonar skulu endurskoðaðir eða hljóta könnunaráritun af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn eitt ár í senn. Formaður stjórnar skal sjá til þess að áritaður ársreikningur berist Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 13. september 2011.

Ríkarður Másson.

Birkir Már Magnússon.